

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/146****2019/EES/38/02****frá 30. janúar 2019****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkúr (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 var blanda með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 leyfð sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkúr með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 <sup>(2)</sup>.
- 2) Leyfishafinn Micron Bio-systems Ltd hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lagt er til að heiti fulltrúa hans verði bætt við leyfið.
- 3) Leyfishafinn hefur lagt fram viðeigandi gögn sem styðja þá staðreynd að frá og með 30. mars 2019 verði FeedVision BV fulltrúi hans fyrir hlutaðeigandi fóðuraukefni.
- 4) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 5) Til að gera FeedVision BV kleift að koma fram sem fulltrúi leyfishafans er nauðsynlegt að breyta skilmálum hlutaðeigandi leyfis. Þess vegna ætti að bæta heiti fulltrúans við í titli reglugerðarinnar og í viðaukanum við hana. Nafn leyfishafans var ekki rétt stafsett í titli framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/502. Af þessum sökum ætti að skipta nafni leyfishafans út í titli framkvæmdarreglugerðarinnar fyrir rétt stafsett nafn hans.
- 6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 til samræmis við það.
- 7) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu að gilda frá og með þeim degi sem Bretland gengur úr Evrópusambandinu.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/502 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað orðanna „Micro Bio-System Ltd“ í titlinum komi „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FeedVision BV“.
- 2) Í stað orðanna „Micron Bio-Systems Ltd“ í öðrum dálki viðaukans komi orðin „Micron Bio-Systems Ltd, fulltrúi er FeedVision BV“.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 27, 31.1.2019, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 frá 24. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkúr (handhafi leyfis er Micro Bio-System) (Stjtíð. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 57).

2. gr.

**Gildistaka.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. mars 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---